

Helga Björnsdóttir

Frá: Ívar Vincent Smáráson <Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is>
Sent: þriðjudagur, 24. maí 2022 11:28
Til: Ómar Einarsson
Afrit: Helga Björnsdóttir
Efni: Laugardagshöll - frjálsíþróttasalur - lengri opnunartími

MSS22050110

Sæl

Meðfylgjandi bréf Íþróttabandalags Reykjavíkur, dags. 11. maí 2022, varðandi aukið fjármagn til lengri opnunartíma frjálsíþróttahallarinnar í Laugardal er sent íþrótta- og tómstundasviði til meðferðar.

Kveðja,

Ívar Vincent Smáráson

Skrifstofa borgarstjórnar

Ráðhús Reykjavíkur

s. 411 4703

Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is

Málsnr.: *1822050110*
Skjalasafn Ráðhúss
16. maí 2022
Bréfalykill: *0700*



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Borgarráð

Reykjavík 11. maí 2022

Efni: Laugardalshöll – frjálsíþróttasalur

Að gefnu tilefni hvetur stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur borgaryfirvöld til að leggja til aukið fjármagn til lengri opnunartíma frjálsíþróttahallarinnar í Laugardal. Samkvæmt samningi borgar og rekstraraðila er húsið opið síðdegis og fram á kvöld virka daga auk hluta dags um helgar í 8 mánuði á ári. Nokkurrar óánægju gætir hjá forsvarsfólki frjálsíþróttafélaganna þar sem aðstaðan í Laugardalshöll stendur ekki til boða til æfinga í sama mæli og frjálsíþróttasalurinn í Hafnarfirði. Að mati þeirra hefur þetta haft talsverð áhrif á nokkur fjöldi frjálsíþróttafólks úr félögnum í Reykjavík hefur skipt yfir til FH.

Vegna veðuraðstæðna á Íslandi er erfitt að hafa barna- og unglíngastarf utandyra í maí. Auk þess er eðli æfinga þannig að kalt veður er ekki heppilegt fyrir afreksfólkið. Sama á við um æfingar fyrir stökkgreinar yfir sumarið. Komið hefur verið til móts við þetta að hluta en ÍTR hefur keypt lausa daga í maí og greitt fyrir æfingar á sumrin fyrir stökkvarana.

Þá eru einnig auknar óskir frjálsíþróttafólks um aukin tækifæri til æfinga á dagtíma yfir vetrartímamann sem að einhverju leyti hefur verið mögulegt en beiðnir hafa komið fram um meiri æfingatíma. Þetta á við um keppnisfólk sem er í samkeppni við keppendur í t.d. Hafnarfirði þar sem mögulegt er að æfa allan daginn.

Það er því von stjórnar ÍBR að mögulegt sé að tryggja fjármagn til að auka opnunartíma í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal þannig að hægt sé að lengja vetrartímabilið um einn mánuð, út maí, og gefa keppnisfólki félaganna tækifæri til æfinga á daginn. Eins að gert sé ráð fyrir nokkrum æfingatímum í viku yfir sumarmánuðina fyrir greinar sem eru mjög háðar veðráttu.

Með kveðju,

f.h. stjórnar ÍBR

Ingvar Sverrisson

Formaður